

# 14. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

---

**BORGARNESI, MIÐVIKUDAGINN 8. JÚLÍ 2020 KL. 10:00.**

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, miðvikudaginn 8. júlí kl.10:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Helena Guttormsdóttir, formaður, Sigríður Finsen, Jónína Erna Arnardóttir og Brynjar Sigurðarson.

Kristján Sturluson boðaði forföll.

Auk þess sátu starfsmenn SSV fundinn: Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Páll Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

## **1. FUNDARSETNING**

Helena Guttormsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

## **2. UMSÓKNIR UM ÖNDVEGISSTYRKI**

Farið var yfir umsóknir sem bárust um öndvegisstyrk en þær voru alls 19. Samþykkt var að veita 4 umsóknum 500.þús.kr. styrk til að ljúka við gerð viðskiptaáætlunar. Þeir umsækjendur hafa frest til 15. ágúst til að skila inn viðskiptaáætlun og í framhaldinu verður valið hvaða verkefni hlýtur/hljóta öndvegisstyrk.

Verkefni sem fengu styrk til gerð viðskiptaáætlunar eru:

- Ljósmyndasafn Vesturlands
- Upplifunargarður í Borgarnesi
- Xtraboost heilsuhristingar
- Svæðismörkun Snæfellsness

## **3. ANNAÐ**

Ákveðið að næsti fundur í úthlutunarnefnd verði í byrjun september þar sem verður valið hvaða verkefni fá öndvegisstyrk. Áður mun fagráð fara yfir innsendar viðskiptaáætlanir og skila álitum til úthlutunarnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:25.